

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali

frá Pawel Bartoszek

lögð fram á 11. fundi Stjórnlagaráðs, 3. júní 2011

9. Þjóðkirkja

Breytingartillaga	Tillaga nefndar A	Núgildandi stjórnarskrá
Í lögum má kveða á um stöðu, stjórn og starfshætti hinnar lútersk- evangelísku þjóðkirkju.	Valkostur 1: Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi. Valkostur 2: [Ákvæðið falli brott.]	62. gr. Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.

Skýringar:

Tillagan byggir á fyrirmyndum fjölmargra landa, til að mynda Finnlands. Hún er hér höfð til hliðsjónar:

Section 76 The Church Act

(1) Provisions on the organisation and administration of the Evangelic Lutheran Church are laid down in the Church Act.

(2) The legislative procedure for enactment of the Church Act and the right to submit legislative proposals relating to the Church Act are governed by the specific provisions in that Code.

Tillagan sættir að mati tillöguflytjanda flest þau sjónarmið sem uppi eru.

1. Breytt orðalag frá því sem nú er gefur ekki til kynna að til séu ein trúarbrögð sem hafi sérstaka stöðu umfram önnur.
2. Orðalagið „um stöðu, stjórn og starfshætti“ vísar til „Laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar“. Með því er því ljóst að ekki þyrfti að gera breytingar á núgildandi lögum eða breyta starfsháttum þjóðkirkjunnar. Þetta kemur til móts við áhyggjur margra af því að breytingar þyrfti að gera á fjölda málaflokka ef ákvæðið yrði numið á brott án þess að annað kæmi í staðinn.
3. Orðið „þjóðkirkja“ kemur áfram fyrir í stjórnarskrá. Orðið vísar nú hins vegar til nafns þjóðkirkjunnar sem trúfélags en felur ekki í sér þann skilning sem lesa mætti af núgildandi grein, að þjóðin sem slík hafi sér ákveðna kirkju.